

## ARÐBÆR VÖXTUR ÁRIÐ 2017 Í KREFJANDI UMHVERFI

- EBITDA ársins var 170,2 milljónir USD samanborið við 219,8 milljónir USD árið 2016.
- Hagnaður ársins eftir skatta var 37,7 milljónir USD samanborið við 89,1 milljón USD árið 2016.
- EBITDA á 4. ársfjórðungi var neikvæð um 16,9 milljónir USD og lækkar á milli ára.
- Heildartekjur jukust um 14% á 4. ársfjórðungi.
- Eiginfjárlutfall í lok ársins er 42%.
- EBITDA spá fyrir árið 2018 nemur 170-190 milljónum USD.

Þúsundir USD	4. ársfj. 2017	4. ársfj. 2016	Breyt.	% Breyt.	12 mán. 2017	12 mán. 2016	Breyt.	% Breyt.
<b>Rekstrarreikningur</b>								
Heildartekjur	292.239	256.472	35.767	14%	1.419.528	1.285.574	133.954	10%
EBITDAR	-5.843	12.007	-17.850	-	207.914	254.960	-47.046	-18%
EBITDA	-16.888	2.453	-19.341	-	170.225	219.845	-49.620	-23%
EBIT	-46.291	-24.367	-21.924	-	49.794	118.437	-68.643	-58%
EBT	-48.128	-22.194	-25.934	-	48.791	120.111	-71.320	-59%
Hagnaður/Tap tímabilsins	-40.043	-22.870	-17.173	-	37.657	89.068	-51.411	-58%
<b>Efnahagsreikningur</b>								
Heildareignir	-	-	-	-	1.415.090	1.292.493	122.597	9%
Eigið fé	-	-	-	-	591.535	568.213	23.322	4%
Vaxtaberandi skuldir	-	-	-	-	289.541	242.382	47.159	19%
Handbært fé og markaðsverðbréf	-	-	-	-	225.278	250.125	-24.847	-10%
Nettó vaxtaberandi skuldir	-	-	-	-	64.263	-7.743	72.006	-
<b>Sjóðstreymi</b>								
Handbært fé frá/til rekstrar	9.054	-39.471	48.525	-	205.603	209.024	-3.421	-2%
Fjárfestingahreyfingar	-48.186	-69.986	21.800	-31%	-228.419	-291.759	63.340	-22%
Fjármögnunarahreyfingar	-151	147.727	-147.878	-1	14.554	113.643	-99.089	-
Handbært fé í lok tímabils	221.191	226.889	-5.698	-3%	221.191	226.889	-5.698	-3%
<b>Lykiltölur</b>								
Afkoma USD cent á hlut	-0,82	-0,46	-0,36	78%	0,77	1,79	-1,02	-57%
Innra virði hlutafjár	-	-	-	-	14,95	13,99	0,96	7%
Eiginfjárlutfall	-	-	-	-	42%	44%	-2,2 %-stig	-5%
Veltufjárlutfall	-	-	-	-	0,98	0,92	0,06	7%
Fjárfestingar, þúsundir USD	41.503	39.723	1.780	4%	166.131	243.397	-77.266	-32%
Flutningatekjur % af heildartekjum	69,6%	72,4%	-2,8 %-stig	-	72,8%	73,7%	-0,9 %-stig	-1%
EBITDAR hlutfall	-2,0%	4,7%	-6,7 %-stig	-	14,6%	19,8%	-5,2 %-stig	-26%
EBITDA hlutfall	-5,8%	1,0%	-6,7 %-stig	-	12,0%	17,1%	-5,1 %-stig	-30%
<b>Hlutabréf íslenskar krónur</b>								
Hæsta verð á tímabili	16,90	26,53	-9,63	-36%	23,53	38,90	-15,37	-40%
Lægsta verð á tímabili	14,12	22,95	-8,83	-38%	13,13	22,95	-9,82	-43%
Lokaverð tímabils	-	-	-	-	14,71	23,10	-8,39	-36%
Markaðsvirði í lok tímabils (milljónir)	-	-	-	-	73.550	115.000	-41.450	-36%

## **BJÖRGÓLFUR JÓHANNSSON, FORSTJÓRI**

---

„Afkoma ársins er í takt við seinustu afkomuspá okkar. Arðbær vöxtur félagsins heldur áfram og sterk fjárhagsstaða og sveigjanleiki gera okkur kleift að bregðast við aðstæðum og grípa ný og spennandi tækifæri á markaði. Icelandair flutti rúmlega fjórar milljónir farþega í millilandaflugi á árinu og hafa þeir aldrei verið fleiri.

Í lok þessa mánaðar fáum við afhenta fyrstu Boeing 737-MAX vélina. Það eru ákveðin tímamót, upphafið að endurnýjun flugflotans, sem er stórt og spennandi verkefni. Við höfum á undanförunum mánuðum gert breytingar á vöruframboði okkar meðal annars með nýjum fargjaldaflokki, Economy Light. Jafnframt hafa verið kynntir sjö nýir áfangastaðir í leiðarkerfinu. Nýjungar og breytingar sem þessar endurspeglar þann sveigjanleika og fjárhagslega styrk sem félagið hefur til að bregðast við á kvikum markaði.

Mikil samkeppni er á öllum okkar mörkuðum. Bókunarstaða í millilandaflugi er góð á fyrri árshelmingi en töluverð óvissa er á síðari hluta ársins, einkum hvað varðar þróun meðalfargjalda. Afkomuspá félagsins fyrir árið 2018 endurspeglar þessa óvissu en gert er ráð fyrir að EBITDA ársins verði 170-190 milljónir USD.

Í upphafi þessa árs kynntum við nýtt skipulag félagsins. Með því næst fram skýrari áhersla á kjarnastarfsemi okkar auk þess sem það stuðlar að einföldun ferla, styttri boðleiðum og aukinni hagkvæmni í rekstri. Þannig munum við vera betur í stakk búin til að takast á við síbreytilegt umhverfi fyrirtækja, með aukinni alþjóðavæðingu og tækniframförum. Starfsfólk félagsins hefur að venju skilað framúrskarandi starfi og viðskiptavinir haldið tryggð við félagið – það erum við þakklát fyrir.“

## FLUTNINGATÖLUR

- Metfjöldi farþega hjá Icelandair árið 2017: 4,0 milljónir og aukning um 10%.
- Farþegafjöldi í millilandaflugi á 4. ársfjórðungi var 798,1 þúsund og sætanýting 78,9%.
- Herbergjanýting á hótélum félagsins var 81,2% árið 2017.

	4. ársfj. '17	4. ársfj. '16	Breyting	12M '17	12M '16	Breyting
<b>ICELANDAIR</b>						
Farþegafjöldi ('000)	798,1	769,5	4%	4.045,5	3.674,4	10%
Sætanýting (%)	78,9	79,8	-0,8 %-stig	82,5	82,2	0,4 %-stig
Framboðnir sætiskílómetrar ('000.000)	3.137,8	2.952,7	6%	15.245,6	13.653,3	12%
<b>AIR ICELAND CONNECT</b>						
Farþegafjöldi ('000)	80,4	72,5	11%	349,3	327,4	7%
Sætanýting (%)	60,3	63,7	-3,3 %-stig	65,9	68,3	-2,5 %-stig
Framboðnir sætiskílómetrar ('000.000)	49,1	40,8	20%	214,5	191,2	12%
<b>LEIGUFLUG</b>						
Flotanýting (%)	100,0	100,0	0,0 %-stig	98,1	88,9	9,2 %-stig
Seldir blokk tímar	7.557	5.488	38%	27.460	23.523	17%
<b>FRAKTFLUTNINGAR</b>						
Seldir tonn kílómetrar ('000)	30.961	26.907	14%	117.311	105.925	11%
<b>HÓTEL</b>						
Framboðnar gistinætur	82.463	82.493	0%	371.289	352.214	5%
Seldar gistinætur	63.228	62.871	1%	301.302	287.160	5%
Herbergjanýting (%)	76,7	76,2	0,5 %-stig	81,2	81,5	-0,4 %-stig

Markaðurinn yfir N-Atlantshafið var stærsti markaður félagsins með 52% af heildarfarþegafjölda árið 2017. Farþegum fjölgaði einnig mest á þeim markaði eða um 15% á milli ára.

Farþegar eftir mörkuðum '000	4. ársfj. 2017	4. ársfj. 2016	% hlutd. 2017	12M 2017	12M 2016	% hlutd. '17
Til	285,9	285,2	36%	1.459,8	1.396,3	36%
Frá	131,1	122,8	16%	469,6	440,9	12%
Um	381,1	361,5	48%	2.116,0	1.837,2	52%
<b>Samtals farþegar Icelandair</b>	<b>798,1</b>	<b>769,5</b>	<b>100%</b>	<b>4.045,5</b>	<b>3.674,4</b>	<b>100%</b>

## ÞRÓUN GJALDMIÐLA

Uppgjörsmýnt Icelandair Group er USD. Á fjórða ársfjórðungi 2017 var USD veikari gagnvart helstu viðskiptamyntum félagsins samanborið við fjórða ársfjórðung 2016.

Mynt	Meðalgengi 4. ársfj. '17	Breyting frá 4. ársfj. '16	Lokagengi 31.12 '17	Breyting frá 31.12 '16
ISK	0,009	13%	0,010	9%
EUR	1,164	5%	1,200	14%
GBP	1,328	-2%	1,354	10%
CAD	0,796	5%	0,797	7%
DKK	0,157	5%	0,161	14%
SEK	0,121	3%	0,122	11%

## REKSTUR FJÓRÐA ÁRSFJÓRÐUNGS

Púsundir USD	4. ársfj. '17	4. ársfj. '16	breyting
EBITDAR	-5.843	12.007	-17.850
EBITDA	-16.888	2.453	-19.341
EBIT	-46.291	-24.367	-21.924
EBT	-48.128	-22.194	-25.934
Tap tímabilsins	-40.043	-22.870	-17.173
EBITDAR %	-2,0%	4,7%	-6,7 ppt
EBITDA %	-5,8%	1,0%	-6,7 ppt

EBITDA var neikvæð um 16,9 milljónir USD á fjórða ársfjórðungi samanborið við jákvæða EBITDA að fjárhæð 2,5 milljónir USD á sama tímabili á síðasta ári. Tap á fjórðungnum var 40,0 milljónir USD samanborið við tap að fjárhæð 22,9 milljónir USD á síðasta ári. Af versnandi afkomu í fjórðungnum skýrast 7,1 milljón USD af hækkun eldsneytisverðs, kostnaður vegna verkfalls flugvirkja í desembermánuði nam 4,0 milljónum USD og kostnaður vegna skipulagsbreytinga nam 1,6 milljónum USD.

## TEKJUR

- Heildartekjur námu 292 milljónum USD og voru 14% hærri en á fjórða ársfjórðungi 2016.

Púsundir USD	4. ársfj. '17	4. ársfj. '16	breyting	% breyting	% af tekjum
Flutningatekjur:	203.462	185.786	17.676	10%	70%
Farþegaflug	186.326	171.845	14.481	8%	64%
Vöru- og pósthlutningar	17.136	13.941	3.195	23%	6%
Flugvéla- og áhafnaleiga	28.396	18.375	10.021	55%	10%
Aðrar rekstrartekjur	60.381	52.311	8.070	15%	21%
<b>Samtals</b>	<b>292.239</b>	<b>256.472</b>	<b>35.767</b>	<b>14%</b>	<b>100%</b>

Heildartekjur jukust um 14%. Flutningatekjur jukust um 17,7 milljónir USD eða um 10% á milli ára. Farþegatekjur jukust um 8% og var aukningin mest á N-Atlantshafsmarkaðnum. Tekjur af vöru- og pósthlutningum jukust um 3,2 milljónir USD, sem skýrist að mestu af auknum vöruinnflutningi til Íslands. Tekjur af flugvéla- og áhafnaleigu námu 28,4 milljónum USD og jukust um 10,0 milljónir USD. Skýrist það af nýjum leiguflugverkefnum, m.a. á Grænhöfðaeyjum og á Samóa. Aðrar rekstrartekjur námu 60,4 milljónum USD og jukust um 8,1 milljón USD eða um 15% miðað við fjórða ársfjórðung 2016.

Púsundir USD	4. ársfj. '17	4. ársfj. '16	breyting	% breyting
Vörusala á hótélum, flugvöllum og flugvélum	25.274	24.721	553	2%
Tekjur af ferðapjónustu	22.383	17.860	4.523	25%
Afgreiðslu- og þjónustutekjur af flugfrakt	5.892	4.377	1.515	35%
Seld viðhaldsþjónusta	1.026	729	297	41%
Söluhagnaður / tap fastafjármuna	0	46	-46	-100%
Aðrar rekstrartekjur	5.806	4.578	1.228	27%
<b>Samtals</b>	<b>60.381</b>	<b>52.311</b>	<b>8.070</b>	<b>15%</b>

## KOSTNAÐUR

- **Heildarkostnaður nam 309,1 milljón USD.**
- **Kostnaður eykst vegna aukins umfangs, styrkingar krónunnar og almennra launahækkana.**

Púsundir USD	4. ársfj. '17	4. ársfj. '16	breyting	% breyting	% af kostn.
Laun og annar starfsmannakostnaður	114.998	98.175	16.823	17%	37%
Flugtengdur kostnaður	110.036	88.592	21.444	24%	36%
Annar rekstrarkostnaður	84.093	67.252	16.841	25%	27%
<b>Samtals</b>	<b>309.127</b>	<b>254.019</b>	<b>55.108</b>	<b>22%</b>	<b>100%</b>

Laun, launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður námu 115,0 milljónum USD samanborið við 98,2 milljónir USD á fjórða fjórðungi síðasta árs. Skýrist hækkunin af auknu umfangi rekstrarins, samningsbundnum launahækkunum og styrkingu krónunnar á móti USD á samanburðartímabilinu, en næstum allur launakostnaður félagsins er í ISK. Hagnaður af gengisvörnum kemur til lækkunar á launakostnaði á fjórða ársfjórðungi 2017 um 3,0 milljónir USD og á fjórða ársfjórðungi 2016 um 3,3 milljónir USD.

Flugtengdur kostnaður nam alls 110,0 milljónum USD á fjórðungnum og jókst um 24% eða 21,4 milljónir USD.

Púsundir USD	4. ársfj. '17	4. ársfj. '16	breyting	% breyting	% af kostn.
Eldsneytiskostnaður	54.653	45.203	9.450	21%	50%
Flugvélaleiga	5.718	5.351	367	7%	5%
Afgreiðslu-, lendingar- og yfirflugsgjöld	29.184	21.052	8.132	39%	27%
Viðhaldskostnaður flugvéla	20.481	16.986	3.495	21%	19%
<b>Samtals</b>	<b>110.036</b>	<b>88.592</b>	<b>21.444</b>	<b>24%</b>	<b>100%</b>

Eldsneytiskostnaður nam samtals 54,7 milljónum USD og jókst um 9,5 milljónir USD eða 21% frá sama tíma í fyrra. Uppgjörsvæði félagsins að teknu tilliti til varna á fjórðungnum var að meðaltali 562 USD/tonn, sem er 17% hækkun á milli ára. Yfirlit yfir stöðu eldsneytisvarna félagsins í lok desember er dregið fram í kaflanum „Horfur í rekstri Icelandair Group hf. og afkomuspá 2018“ hér á eftir. Flugvélaleiga nam 5,7 milljónum USD og jókst í samanburði við fjórða ársfjórðung 2016. Skýrist það af einni B767-300 vél sem bættist við flota Icelandair. Afgreiðslu-, lendingar- og yfirflugsgjöld hækkuðu um 8,1 milljón USD á milli ára eða um 39% að hluta til vegna verðhækkana og aukins umfangs en einnig vegna tilfærslu á kostnaði milli fjórðunga. Viðhaldskostnaður nam 20,5 milljónum USD og jókst um 21% á milli ára.

Annar rekstrarkostnaður nam 84,1 milljón USD og jókst um 16,8 milljónir USD á milli ára. Í töflunni hér á eftir má sjá niðurbrot á helstu liðum og þróun milli ára.

Púsundir USD	4. ársfj. '17	4. ársfj. '16	breyting	% breyting
Rekstrarkostn. fasteigna og innréttinga	8.031	6.823	1.208	18%
Samskiptakostnaður	6.310	6.456	-146	-2%
Auglýsingakostnaður	9.355	7.837	1.518	19%
Bókunargj., kreditkortþókn. og umboðslaun	14.915	12.359	2.556	21%
Kostnaðarverð seldra vara	8.094	8.173	-79	-1%
Þjónusta við farþega og hótलगesti	12.292	7.381	4.911	67%
Aðkeypt þjónusta í ferðaþjónustu	14.317	10.784	3.533	33%
Annar rekstrarkostnaður	10.779	7.439	3.340	45%
<b>Samtals</b>	<b>84.093</b>	<b>67.252</b>	<b>16.841</b>	<b>25%</b>

## FJÁRMAGNSLIÐIR

- Nettó fjármagnsliðir voru neikvæðir á tímabilinu.

Þúsundir USD	4. ársfj. '17	4. ársfj. '16	breyting	% breyting
Fjármagnstekjur	588	1.194	-606	-51%
Fjármagnsgjöld	-3.835	-2.384	-1.451	61%
Gengisáhrif	1.240	2.766	-1.526	-55%
<b>Samtals</b>	<b>-2.007</b>	<b>1.576</b>	<b>-3.583</b>	<b>-</b>

Fjármagnsgjöld á fjórða ársfjórðungi námu 3,8 milljónum USD samanborið við 2,4 milljónir USD á fjórða fjórðungi síðasta árs. Gengishagnaður nam 1,2 milljónum USD samanborið við 2,8 milljónir USD á sama tímabili árið 2016.

## STARFSÞÆTTIR

Á síðari hluta árs 2017 var ákveðið að gera breytingar á skipulagi Icelandair Group. Með breytingunum er stjórnunarlögum fækkað, boðleiðir stytta og skýrari áhersla en áður lögð á alþjóðaflugrekstur sem er kjarnastarfsemi félagsins. Framkvæmdastjórn Icelandair Group og Icelandair hafa verið sameinaðar og nú er einn forstjóri og einn framkvæmdastjóri fjármála yfir báðum félögum í stað tveggja áður. Samtals hefur framkvæmdastjórnin innan samstæðunnar fækkað um fimm frá ársbyrjun 2017.

Við samþættingu IGS og Icelandair Cargo við Icelandair, sem nú er unnið að, næst jafnframt fram talsverð hagræðing með einföldun á skipulagi og fækkun millistjórnenda. Breytingarnar verða að fullu komnar til framkvæmda á öðrum ársfjórðungi 2018.

Í tengslum við skipulagsbreytingar hefur starfsþáttayfirliti verið breytt til samræmis. Starfsþáttayfirlitið greinist nú í þrjá þætti; alþjóðaflugrekstur, eignarhluti í flugstarfsemi og eignarhluti í ferðaþjónustu. Undir alþjóðaflugrekstur heyra Icelandair, Icelandair Cargo sem verður dótturfélag Icelandair, IGS sem verður sameinað Icelandair og þjónustufyrirtækið Fjárvakur. Innan eignarhluta í flugstarfsemi eru félögin Loftleiðir Icelandic, Air Iceland Connect og Vita. Undir eignarhluta í ferðaþjónustu heyra Icelandair Hotels og Iceland Travel.

USD þúsund	Alþjóðlegur flugrekstur		Eignarhlutir í flugrekstri		Eignarhlutir í ferðaþjónustu	
	4. ársfj. 2017	4. ársfj. 2016	4. ársfj. 2017	4. ársfj. 2016	4. ársfj. 2017	4. ársfj. 2016
Tekjur	257,927	235,695	45,484	35,769	39,345	35,602
EBITDAR	-15,233	477	8,970	8,550	420	2,980
EBITDA	-17,884	-1,659	3,508	3,926	-2,512	186
EBIT	-43,168	-25,726	865	-3,743	-3,988	5,102
EBT	-42,680	-25,969	-650	4,662	-4,798	-887

  

USD þúsund	2017	2016	2017	2016	2017	2016
Tekjur	1,242,285	1,141,044	170,762	155,583	218,685	175,341
EBITDAR	147,047	196,048	39,018	36,030	21,849	22,882
EBITDA	137,633	187,446	22,987	21,571	9,605	10,828
EBIT	33,548	98,568	12,387	6,955	3,859	12,915
EBT	40,094	102,502	5,401	13,195	3,296	4,414

### Alþjóðaflugrekstur:

Um 9% tekjuvöxtur var á milli ára en framlegðarhlutföll lækkuðu vegna kostnaðarhækkana sem endurspegluðust ekki í aukningu tekna vegna mikils þrýstings á meðalverð á mörkuðum félagsins.

### Eignarhlutir í flugstarfsemi:

Veltuaukning nam um 10% milli ára. Rekstur Loftleiða Icelandic gekk mjög vel á árinu og var afkoma félagsins talsvert betri en á árinu 2016. Í lok árs var félagið með 10 flugvélar í rekstri samanborið við 8 í byrjun árs. Rekstur Vita gekk sömuleiðis vel á árinu 2017, tekjuaukning var um 11% en hagnaður félagsins tæplega tvöfaldaðist. Á móti kemur að rekstur Air Iceland Connect var mjög þungur á árinu 2017. Velta félagsins stóð nokkurn veginn í stað en afkoman versnaði verulega.

### Eignarhlutir í ferðapjónustu:

Rekstur gistilhuta Icelandair Hotels gekk mjög vel í höfuðborginni á árinu en landsbyggðarhótelin áttu undir högg að sækja. Þar fór nýtingin niður, hópum fækkaði og bókanir með stuttum fyrirvara voru töluvert færri en undanfarin ár. Vegna kostnaðarhækkana og minni eyðslu erlendra ferðamanna var framlegð af veitingarekstri undir markmiðum félagsins. Talsverður vöxtur var í starfsemi Iceland Travel á árinu 2017 en vegna gengisþróunar lækkaði framlegð milli ára.

## EFNAHAGUR OG FJÁRHAGSLEG STAÐA

- Heildareignir námu 1,4 milljörðum USD í lok árs 2017.
- Eiginfjárlutfall var 42%.
- Vaxtaberandi skuldir námu 289,5 milljónum USD.

Þúsundir USD	31.12.2017	31.12.2016	Breyting
Heildareignir	1.415.090	1.292.493	122.597
Rekstrarfjármunir	652.705	602.615	50.090
Handbært fé og markaðsverðbréf	225.278	250.125	-24.847
Eigið fé	591.535	568.213	23.322
Vaxtaberandi skuldir	289.541	242.382	47.159
Nettó vaxtaberandi skuldir	64.263	-7.743	72.006
Eiginfjárlutfall	42%	44%	-2 %-stig
Veltufjárlutfall	0,98	0,92	7%

Varanlegir rekstrarfjármunir námu 652,7 milljónum USD og jukust um 50,1 milljón USD frá ársbyrjun. Nánari umfjöllun um fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum er undir kaflanum um sjóðstreymi og fjárfestingar. Í lok fjórðungsins voru 46 flugvélar í flugflotanum, þar af voru 37 í eigu félagsins. Í töflunni hér á eftir er yfirlit yfir flota félagsins í lok ársins.

Flugvélagerð	Icelandair	Cargo	Loftleiðir	Air Iceland Connect	Flugfloti 31.12.17	Flugfloti 31.12.16	Eigin vélar	Leigu- vélar	Breyt. frá 31.12.16
Boeing 757 200	23	2	4		29	29	26	3	0
Boeing 757 300	1				1	1	1		0
Boeing 767 300	4		2		6	6	4	2	0
Boeing 737 700			1		1	1		1	0
Boeing 737 800			3		3	2		3	1
Bombardier Q200				3	3	2	3		1
Bombardier Q400				3	3	3	3		0
Fokker F-50					0	4			-4
<b>Total</b>	<b>28</b>	<b>2</b>	<b>10</b>	<b>6</b>	<b>46</b>	<b>48</b>	<b>37</b>	<b>9</b>	<b>-2</b>

Eigið fé nam 591,5 milljónum USD í árslok og eiginfjárlutfallið var 42%. Í lok árs 2016 var eiginfjárlutfallið 44%.

<b>Þúsundir USD</b>	<b>31.12.2017</b>
Eigið fé 1.1. 2017	568.213
Kaup á eigin bréfum	-15.230
Hagnaður tímabilsins	43.596
Arðgreiðsla (0.10 US cent á hlut)	-5.044
<b>Eigið fé 31.12.2017</b>	<b>591.535</b>

Vaxtaberandi skuldir námu 289,5 milljónum USD, samanborið við 242,4 milljónir USD í ársbyrjun. Aukningin skýrist aðallega af framhaldsútgáfu skuldabréfa að fjárhæð 40,0 milljónum USD í febrúar. Nettó vaxtaberandi skuldir námu 64,3 milljónum USD í lok fjórðungsins.

<b>Þúsundir USD</b>	<b>31.12.2017</b>	<b>31.12.2016</b>	<b>Breyting</b>
Vaxtaberandi langtímaskuldir	280.254	196.722	83.532
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	9.287	45.660	-36.373
Markaðsverðbréf	4.087	23.236	-19.149
Handbært fé	221.191	226.889	-5.698
<b>Nettó vaxtaberandi skuldir</b>	<b>64.263</b>	<b>-7.743</b>	<b>72.006</b>

## SJÓÐSTREYMI

- Handbært fé frá rekstri nam 9,1 milljón USD.
- Handbært fé í árslok 2017 var 221,2 milljónir USD.

<b>Þúsundir USD</b>	<b>4. ársfj. '17</b>	<b>4. ársfj. '16</b>	<b>breyting</b>
Handbært fé til/frá rekstri	9.054	-39.471	48.525
Fjárfestingahreyfingar	-48.186	-69.986	21.800
Fjármögnunarhreyfingar	-151	147.727	-147.878
Handbært fé, breyting	-39.283	38.270	-77.553
Handbært fé í lok tímabils	221.191	226.889	-5.698

Handbært fé frá rekstri á fjórða ársfjórðungi nam 9,1 milljón USD samanborið við handbært til rekstrar að fjárhæð 39,5 milljónum USD á fjórða ársfjórðungi 2016. Handbært fé á fjórðungnum lækkaði um 39,3 milljónir USD.

## FJÁRFESTINGAR

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum námu 37,1 milljón USD á fjórða ársfjórðungi, þar vegur þyngst hreyflayfirhöl, fjárfestingar í flughermi, flugskýli á Keflavíkurflugvelli og í hótélstarfsemi félagsins. Fjárfestingar í langtímakostnaði og óefnislegum eignum námu alls 4,4 milljónum USD. Fjárfestingar ársins námu alls 166,1 milljón USD.



<b>Þúsundir USD</b>	<b>4. ársfj. '17</b>	<b>12 mán. '17</b>
Varanlegir rekstrarfjármunir		
Flugvélar og fylgihlutir	4.694	34.848
Hreyflayfirhöl eigin vélar	12.138	54.597
Aðrar fjárfestingar	20.301	66.849
Varanlegir rekstrarfjármunir alls	37.133	156.294
Langtímakostnaður		
Hreyflayfirhöl á leiguvélum	3.234	4.176
Óefnislegar eignir	1.136	5.661
<b>Fjárfestingar samtals</b>	<b>41.503</b>	<b>166.131</b>

## HORFUR Í REKSTRI OG AFKOMUSPÁ 2018

- **Flugáætlun Icelandair gerir ráð fyrir 10% vexti á árinu 2018.**
- **Áfram mikill þrýstingur á meðalverð á helstu mörkuðum Icelandair.**

### Alþjóðaflugrekstur

Icelandair starfar á þremur mörkuðum, ferðamannamarkaðinum til Íslands, heimamarkaðinum frá Íslandi og alþjóðlega markaðinum á milli Evrópu og N-Ameríku. Undanfarin misseri hefur samkeppni aukist mikið á öllum mörkuðum. Sumarið 2018 munu 27 flugfélög fljúga til og frá Íslandi. Lágjaldaflygfélög hafa rutt sér til rúms í flugi yfir N-Atlantshafið og árið 2017 er áætlað að hlutdeild þeirra í framboðnum sætum hafi verið 9,5% samanborið við 0,5% árið 2013. Þetta hefur leitt til þess að meðalfargjöld hafa lækkað undanfarin tvö ár og arðsemi flugfélaga á þessum mörkuðum dregist saman. Á árinu 2018 er gert ráð fyrir að kostnaður flugfélaga haldi áfram að hækka vegna hækkandi heimsmarkaðsverðs á olíu og almennra kostnaðarhækkana. Vegna mikillar samkeppni ríkir óvissa um þróun meðalverða á seinni hluta ársins en vegna hækkandi olíuverðs má leiða líkur að því að meðalfargjöld muni fara hækkandi. Bókunarstaða Icelandair á fyrri helmingi ársins er góð og í takt við framboðs aukningu milli ára. Enn er of snemmt að leggja mat á bókanir fyrir seinni hluta ársins.

Gert er ráð fyrir að flugáætlun Icelandair fyrir árið 2018, mæld í framboðnum sætiskílómetrum, verði um 10% umfangsmeiri en á síðasta ári. Áætlað er að farþegar verði um 4,4 milljónir talsins á árinu 2018 og muni fjölga um 350 þúsund frá fyrra ári. Flug verður hafið til sex nýrra áfangastaða, San Francisco, Kansas, Cleveland, Baltimore og Dallas í Bandaríkjunum og Dublin á Írlandi. Á móti verður flugi til Birmingham í Bretlandi hætt. Ferðum verður fjölgað til fjölmargra borga í Norður-Ameríku og Evrópu. Icelandair mun taka í notkun þrjár nýjar 160 sæta Boeing 737 MAX 8 flugvélar á árinu og verða alls 33 flugvélar nýttar til farþegaflugsins næsta sumar, 26 Boeing 757 og fjórar Boeing 767-300 auk nýju vélanna.

Leiðakerfi félagsins hefur byggt á tveimur tengibönkum á Íslandi. Aðaltengibankinn er með brottfarir frá Keflavíkurflugvelli til Evrópu á morgnana og til Norður Ameríku síðdegis. Undanfarin ár hefur félagið verið að byggja upp annan tengibanka með brottförum til Norður Ameríku laust fyrir hádegis og um miðnætti til Evrópu. Sá tengibanki hefur ekki verið jafn arðbær og aðaltengibankinn. Meðalfargjöld og sætanýting í næturflugi eru lægri og áhafnakostnaður hærri. Jafnframt er ekki mögulegt að fá aðgang að flugvöllum í London og Amsterdam, sökum opnunartíma, og því voru stækkunarmöguleikar bankans takmarkaðir. Sú ákvörðun var tekin í byrjun árs 2018 að hætta alveg með seinni tengibankann og flytja framboðið yfir í aðaltengibankann sem er hagkvæmari í rekstri og arðbærari. Þetta er gert með því að auka tíðni utan háannatímans í aðaltengibankanum, bæði fyrir og eftir, með það að markmiði að halda álaginu óbreyttu í miðju bankans. Þau flug sem voru færð til eru í flestum tilvikum annað af tveimur á sama áfangastað, og er því áfram flug á háannatíma á þann áfangastað. Þessi breyting myndar

grundvöll fyrir framtíðaráform félagsins en í ár eykur hún tengimöguleika í leiðarkerfinu og einfaldar vöruframboðið.

### **Eignarhlutir í flugtengdri starfsemi**

Horfur í leiguflugstarfsemi Loftleiða Icelandic eru góðar á árinu 2018. Er gert ráð fyrir að félagið verði með að jafnaði tveimur fleiri vélar í útleigu en árið 2017 vegna nýrra langtímaverkefna. Rekstur ferðaskrifstofunnar Vita sem sérhæfir sig í orlofsferðum fyrir Íslendinga erlendis gekk mjög vel á árinu 2017 og er gert ráð fyrir að reksturinn muni einnig skila góðri arðsemi á árinu 2018. Air Iceland Connect er með sex flugvélar í rekstri árið 2018. Rekstur félagsins var mjög krefjandi á árinu 2017, en gert er ráð fyrir bata í rekstrinum á árinu 2018.

### **Eignarhlutir í ferðapjónustu**

Árið 2018 er gert ráð fyrir um 10% fjölgun ferðamanna sem koma til Íslands. Útlit í starfsemi Icelandair Hotels er gott fyrir árið 2018. Bókunarhorfur eru góðar og eru hótelin almennt betur bókuð en á sama tíma á síðasta ári. Það sama má segja um rekstrarhorfur Iceland Travel. Eftirspurn er svipuð og á árinu 2017 og megináherslan er sett á aukna skilvirkni og samkeppnishæfni félagsins. Samt sem áður verður að hafa í huga að kostnaðarhækkunar á Íslandi hafa haft þau áhrif að framlegð af ferðatengdri þjónustu á Íslandi hefur farið lækkandi, þrátt fyrir mikla aukningu í fjölda ferðamanna til landsins. Eins dvelja erlendir ferðamenn skemur á landinu en áður.

### **Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum**

Á árinu 2018 mun félagið taka við þremur nýjum Boeing 737 MAX 8 vélum. Ein þeirra verður seld til leigusala og endurleigð til tæplega 9 ára. Gert er ráð fyrir að hinar tvær verði fjármagnaðar með svokallaðri JOLCO fjármögnun (rekstrarleiga með kauprétti) og er samningagerð á lokastigi. Fjármögnunarkjörin eru mun hagstæðari en gert var ráð fyrir þegar kaupsamingar voru undirritaðir. Í öllum tilvikum er um 100% fjármögnun að ræða. Á árinu liggja jafnframt fyrir fjárfestingar tengdar núverandi flugflota, tveimur flughermum og innréttingum sem tengjast hótilverkefnum.

### **Afkomuspá**

Verð á þotueldsneyti (án tillits til varna) er áætlað 625 USD/tonn að meðaltali árið 2018. Að teknu tilliti til varna má gera ráð fyrir að 10% hækkun á eldsneytisverði hafi neikvæð áhrif á EBITDA að fjárhæð USD 12,1 milljón. Staða eldsneytisvarna í byrjun árs 2018 er dregin fram í töflunni hér á eftir.

Tímabil	Áætluð notkun (tonn)	Skipta-samningar	Hlutfall varið	Meðalverð skiptasamn. USD
Jan 18	24.305	14.250	59%	558
Feb 18	21.412	12.250	57%	556
Mar 18	27.183	15.250	56%	544
Apr 18	29.040	14.500	50%	544
Maí 18	40.540	20.500	51%	539
Jún 18	48.615	27.550	57%	523
Júl 18	50.655	26.650	53%	522
Ágú 18	50.271	27.650	55%	543
Sep 18	45.817	24.550	54%	574
Okt 18	34.679	18.500	53%	559
Nóv 18	28.230	15.450	55%	573
Des 18	27.123	16.450	61%	586
<b>12 mánuðir</b>	<b>427.870</b>	<b>233.550</b>	<b>55%</b>	<b>549</b>
Jan 19	25.445	4.000	16%	548
Feb 19	22.406	4.000	18%	598
Mar 19	28.459	4.000	14%	595
Apr 19	30.411	4.000	13%	590
Maí 19	42.502	-	-	-
Jún 19	50.978	-	-	-
<b>13-18 mánuðir</b>	<b>200.200</b>	<b>16.000</b>	<b>8%</b>	<b>583</b>

\* Vegið meðalverð

Forsendur í afkomuspá félagsins gera ráð fyrir að gengisvísitala ISK sé að meðaltali 162 árið 2018, og gengi EUR gagnvart USD er spáð að meðaltali 1,20 yfir árið. Í byrjun ársins 2017 var markmið félagsins um aðgerðir á tekju- og gjaldahlíð kynnt sem átti að skila bættri afkomu að fjárhæð 30 milljónir USD á ársgrundvelli þegar þær yrðu að fullu komnar til framkvæmda, í byrjun árs 2018. Gera má ráð fyrir að tveir þriðju fjárhæðinnar hafi skilað sér í rekstur ársins 2017 og að á árinu 2018 verði markmiðinu náð og ríflega það.

Á móti kemur að framboðs aukning á mörkuðum félagsins hefur verið mikil sem hefur skapað áframhaldandi þrýsting á meðalverð. Sem dæmi um framboðs aukninguna má nefna Bretlandsmarkað sem sögulega hefur verið mjög mikilvægur í afkomu Icelandair. Í venjulegri viku sumarið 2018 er gert ráð fyrir að tæplega 90 flug verði milli Bretlands og Íslands, eða rúmlega 12 á dag að meðaltali. Þetta er mikil aukning á nokkrum árum sem hefur töluverð áhrif á verð og afkomu. Það er því ljóst að umhverfið hefur breyst verulega sem félagið svarar með vexti á nýja markaði, breytingu á vöruframboði og mikilli áherslu á einingakostnað.

Að teknu tilliti til allra ofangreindra þátta gerir afkomuspá félagsins ráð fyrir að EBITDA ársins 2018 muni nema 170-190 milljónum USD. Mikilvægt er að áréttu að ytri þættir svo sem sveiflur á eldsneytisverði og gjaldeyrismörkuðum ásamt þróun meðalfargjalda hafa mikil áhrif á afkomu félagsins. Það sama má segja um niðurstöður kjarasamninga á vinnumarkaði, en kjarasamningar við flugmenn eru nú opnir og samningaviðræður hafa staðið yfir frá því í haust.

## RÁÐSTÖFUN HAGNAÐAR OG KAUP Á EIGIN BRÉFUM

Stjórn félagsins hefur ákveðið að verja allt að 750 milljónum króna til kaupa á eigin bréfum. Stjórn Icelandair Group leggur jafnframt til að 750 milljónir íslenskra króna, (7,2 milljónir USD) verði greiddar í arð til hluthafa á árinu 2018. Samsvarar það 0,15 krónum á hvern hlut.

## KYNNINGARFUNDUR 12. FEBRÚAR 2018

---

Opinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn mánudaginn 12. febrúar 2018 á **Icelandair Hótel Reykjavík Natura**. Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group og Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála, munu kynna afkomuna og svara spurningum ásamt öðrum stjórnendum félagsins. Kynningin hefst kl. 08:30 og verður í sal 2. Morgunverður í boði frá kl. 8:00. Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Icelandair Group: [www.icelandairgroup.is](http://www.icelandairgroup.is) og í fréttakerfi Nasdaq OMX Iceland hf.

Hægt verður að fylgjast með fundinum beint á vefslóðinni:

<http://www.icelandairgroup.is/investors/reports-and-presentations/webcast-next/>

## SAMÞYKKT ÁRSREIKNINGS

---

Samstæðureikningur Icelandair Group vegna uppgjors fjórða ársfjórðungs og ársuppgjors 2017 var samþykktur á stjórnarfundum þann 9. febrúar 2018.

## FJÁRHAGSDAGATAL

---

- **Aðalfundur, 08.03 2018**
- **Uppgjör 1. ársfjórðungs – 30.04, 2018**
- **Uppgjör 2. ársfjórðungs – 31.07, 2018**
- **Uppgjör 3. ársfjórðungs – 30.10, 2018**
- **Uppgjör 4. ársfjórðungs – vika 06, 2019**
- **Aðalfundur, vika 10 2019**

## FREKARI UPPLÝSINGAR VEITA

---

- **Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, sími: 896-1455.**
- **Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála Icelandair Group, sími: 665-8801.**